

BLAÐ

13. árg. júní 1991. 1. tbl.

IDJUPJÁLFAFÉLAG ÍSLANDS



BETRI SVEFN BETRI SLÖKUN

Í dag eru allir helstu fagmenn á þessu sviði á sama máli og DUX:

Fyrirmyndardýnan á að hafa mjúkt efra lag og hart neðra lag, þannig að hryggurinn hvílir alltaf í eðlilegri stellingu.

DUX hefur ávallt framleitt dýnur í samræmi við þessa reglu.

En það er fyrst með tækniframförum nútímans, sem tekist hefur að sanna að DUX-reglan býður upp á einstæðan svefn og betri slökun.

Á Karolinska sjúkrahúsinu í Stokkhólmi hefur umfangsmiklum rannsóknagögnum verið safnað saman. Í þeim kemur hvað eftir annað í ljós að DUX-dýnan ber af öðrum.

Leyndardómur DUX-dýnunnar felst í tvöfaldrí fjöðrun úr sérstöku stáli.

Harður neðri hlutinn tryggir djúpfjöðrun og tekur á móti öflugum hreyfingum.

Efri hlutinn, sem er mýkri, gefur eftir þar sem hann verður fyrir þrýstingi og lagar sig þannig að líkamanum. Hann lætur undan þrýstingi frá öxlum og mjóðmum, en styður þægilega við mitti og fótleggi.

Meira en 1000 gormar eru til taks að bregðast við sérhverri hreyfingu líkamans.

Með tilliti til gæða er Dux einnig öðrum dýnum fremri. Sérhver hlutur er valinn af kostgæfni með hliðsjón af því hlutverki, sem honum er ætlað. Dýurnar gangast undir prófanir, sem jafngilda meira en tuttugu ára tillitslausri notkun.

STÆRÐIR Á DÝNUM:

90 × 2	140 × 2
105 × 2	165 × 2
120 × 2	90 × 210



HRINGID Í 27560

...og við sendum þér að kostnaðarlausu nákvæmar upplýsingar um betri og dýpri svefn í sænsku DUX heilsurúmi



Faxafeni 7
Sími 689960 POST BOX: 8953 Reykjavík

ÍÐJUPJÁLFAFÉLAG ÍSLANDS

BLAÐIÐ

VELA

Fellsási 7 - 270 Mosfellsbæ
s. 666110 - fax 667710

Sérverslun með tæki og húsgögn fyrir hreyfihamlaða

Opið frá 9-12 f.h. alla virka daga.

Hringið og fáðið bæklinga, upplýsingar um verð og afgreiðslutíma.

RAFDRIFNIR OG RAFSTILLANLEGIR HJÓLASTÓLAR

VELA, úti- og inni-rafmagnshjólastólar, (ný hönnun).

PERMOBIL, úti- og inni-rafmagnshjólastólar, (ný hönnun).

HJÓLASTÓLALYFTUR FYRIR BÍLA, PALLALYFTUR

INTERBILITY, hjólastólalyftur fyrir bíla.

ÞJÁLFUNARLEIKFÖNG - SÉRBÚIN LEIKTÆKI

TFH, leikföng, rofar, þjálfunartæki, rólur, reiðhjól o.fl.

ROMPA, leikföng, þjálfunartæki, dýnur, rólur, trambolin o.fl.

TECH TOYS leikföng, rofar, ljósabox.

(pantið nýjustu bæklingana og fáðið verðupplýsingar)

TÆKI FYRIR IÐJUÞJÁLFUN OG ÝMIS HJÁLPARTÆKI FYRIR HEIMILISSTÖRF

NOTTINGHAM REHAB, úrval hjálpartækja og búnaðar fyrir iðjuþjálfun.
(pantið nýjasta bæklinginn og fáðið verðupplýsingar)

BAÐLYFTUR - BAÐKÖR

PARKER BATH veltibaðkör fyrir heimahús og stofnanir.

LYFTUR Í BAÐKÖR frá ýmsum aðilum.

VELA

Fellsási 7 - 270 Mosfellsbæ

s. 666110 - fax 667710

Sérverslun með tæki og húsgögn fyrir hreyfihamlaða

Opið frá 9-12 f.h. alla virka daga.

Hringið og fáðið bæklinga, upplýsingar um verð og afgreiðslutíma.

HÚSGÖGN

VELA vinnustólar:

Margar staðlaðar gerðir vinnustóla og rafmagnsstóla, sérsníðni.

ROPOX vinnuborð, þjálfunartæki, baðborð, eldhús:

Margar staðlaðar gerðir hæðarstillanlegra borða og tækja.

COMPETANCE eldhúsinnréttingar fyrir hreyfihamlaða.

ACCO vörur:

Margar gerðir af borðum fyrir tölvur og prentara.

Ódýr og léttbyggð.

CROYDEX stólar til að hlífa baki í garðvinnu.

TJÁSKIPTATÆKI - UMHVERFISSTJÓRNUN TÖLVUR OG TÖLVUSTJÓRNUN

GEWA, tjáskiptatæki, tölvustjórnun, umhverfisstjórnun, rofar.

GEWA & TÖRMAX hurðaoðunarbúnaður með fjarstýringu.

TASH, rofar og tölvustjórnun.

POSSUM, rofar og tölvustjórnun.

TFH, rofar.

PERMOBIL, tölvustjórnun, umhverfisstjórnun.

PIKOSYSTEMS, tölvustjórnun, umhverfisstjórnun.

ERGO-REST hvíldararmar fyrir framhandleggi og axlir.



BLAÐA OG BÓKAFLETTARAR

QED, blaða- og bókaflöttarar fyrir íslensk dagblöð, flestar bækur og tímarit.

GEWA, blaða- og bókaflöttarar.

POSSUM, blaða- og bókaflöttarar.

ALVÖRU HEILSURÚM FYRIR ÞIG Á VERÐI FYRIR ALLA



SNÆLAND - samstæðan er samsett úr rúmbotni og dýnu, sem laga sig að þunga og líkamsbyggingu notanda, hvort sem legið er á baki eða hlið. Einnig er hægt að bæta verulega fjöðrun í venjulegum svampdýnurúmum með því að setja **SNÆFLEX** - rúmbotna í stað gömlu plötunnar.


SNÆFLEX - rúmbotninn er sterkbyggður viðarrimabotn, sem fjaðrar djúpt og hljóðlaust. Hægt er að gera hverja fjaðr- andi einingu stífar með stillitappa (mynd 1), og styrktarrim- um, sem einnig auka burðargetu viðarrimanna. Aukafjöðrun er við axlir og hnakka — þar sem sérstakrar mýktar er þörf. (mynd2)

SNÆLX - dýnan er tvöföld eggjabakkadýna úr mjúkum 40 kg/m³ polyurethan svampi, sem tryggir hámarks loftræst- ingu og mýkt. Áklæðið er niðsterkt bómullar/polyester teygju- frotté sem má þvo. Dýnan fjaðrar óhindrað vegna teygjanleika áklæðisins og það auðveldar einnig að færa dýnuna í verið eftir þvott. Frottéyfirborðið er bæði rakadrægt og opið fyrir aukin þægindi og loftræstingu.


SNÆLAND - þjónusta. Sumir hafa sérþarfir, sem stöðluð kerfi geta ekki uppfyllt. Því bjóðum við þjónustu við aðlögun **SNÆLAND** - samstæðunnar að þörfum hvers og eins — á vægu verði.

SNÆLAND	SAMSTÆÐUR			
BREIDD:	70-79 cm	80-89 cm	90-99 cm	100-105 cm
VERÐ:	34.166,-	35.310,-	36.456,-	37.600,-

SNÆLAND



1 STILLITAPPI



2 AUKAFJÖÐUR

SNÆFLEX RÚMBOTNAR

VERÐ: 16.874,- pr.stk.
(70×185 til 105×208)

SNÆLAND

Skeifunni 8, sími 685588

ÍÐJÚPJÁLFAFÉLAG ÍSLANDS

Pósthólf 8845

128 Reykjavík

PRENTUN: Offsetfjölritun h.f.
Mjólnisholti 14, 105 Reykjavík

RITNEFND: Elsa Þorvaldsdóttir
Gerður Gústavsdóttir
Kristjana Ólafsdóttir
Unnur Jóhannesdóttir

STJÓRN: Hope Knútsson formaður
Sigrún Garðarsdóttir varaformaður
Anna Guðrún Arnardóttir ritari
Valrós Sigurbjörnsdóttir gjaldkeri
Lilja Ingvarsson stjórnarmeðl.
Anna Sveinbjörnsdóttir varamaður
Bára Sigurðardóttir varamaður

	Bls.
EFNISYFIRLIT:	
Íðjupjálfun misþroska barna	7
Örvi - starfsþjálfunarstaður fatlaðra	11
Hjálpartækjamiðstöð Tryggingast. rík.	15
Fréttabréf frá Kristnesspítala	19
Bobath - Námskeið í London	20
Samþýli fyrir blinda	22
Nokkur orð um handleiðslu	23
Fréttir	26
Frá fræðslunefnd	27
Lausar stöður	28
Félagatal	29

FÉLAGSMENN ATHUGIÐ! Efni í næsta blað þarf að hafa borist
ritstjórn í síðasta lagi 10. október '91.




MARGIR VERJA ÞRIÐJUNGI ÆVI SINNAR Á LYSTADÚN

Það eru ekki allir sem gera sér grein fyrir því að þeir sofa einn þriðja hluta ævi sinnar. En svefn og svefn er ekki það sama. Svefn í rúmi sem ekki hæfir þér getur orðið til þess að þú vaknir þreytt(ur) á hverjum morgni án þess að þú gerir þér grein fyrir því.

Hvíldin er jafn nauðsynleg og góð hreyfing.

Þér finnst sjálfsgætt að fara vel með þig, byggja þig upp fyrir átök daglega lífsins og vera í góðu formi. Sumir synda á hverjum morgni, aðrir hlaupa eða stunda leikfimi. Allflestir gera sér grein fyrir nauðsyn réttar hvíldar og góðs mataræðis. Góð vinnuaðstaða, - stólar, borð og tæki eru líka sjálfsgættir hlutir.



En hvað þá með helsta hvíldarstaðinn - rúmið þitt?

Allir sérfræðingar eru sammála um að rúmið verði að vera sannkallaður hvíldarstaður, en dýnan verður að hæfa þér, þyngd þinni og stærð. Þess vegna er mjög mikilvægt að dýnan þín sé rétt upp byggð og með réttum rúmbotni. Þar kemur LATEX dýnan til hjálpar. LATEX dýnurnar frá Lystadún uppfylla allar þær kröfur sem fólk gerir um góðar dýnur. LATEX er unnið úr náttúrulegum efnum og í LATEX dýnum eru þúsundir holrúma sem gera lofti kleift að leika um þær og halda þannig líkamshita jafnari.

LATEX - lausn á tímum endurmats

Láttu ekki óheppilega rúmdýnu valda þér óþægindum stóran hluta ævi þinnar. Leggðu þig á LATEX dýnu og farðu vel með þig. Ný viðhorf í heilsu- og heilbrigðismálum munu stuðla að skynsamlegri lífsháttum og betri heilsu. Í því sambandi skiptir góður svefn á góðri dýnu afar miklu máli.



LYSTADÚN

Skútuvogi 11, sími 8 46 55

Opíð í sumar mánud. - föstud. frá kl. 09 - 18.

ÍÐJUBJÁLFUN MISPROSKA BARNA

Í íðjubjálfun hjá Styrktarfélagi lamaðra og fatlaðra koma nær eingöngu börn til þjálfunar og hefur stór hluti þeirra fengið sjúkdómsgreininguna misþroska. Við meðferð okkar á þessum börnum styðjumst við við kenningar bandaríska íðjubjálfans Jean Ayres (d. 1988).

Þegar barn kemur til okkar í íðjubjálfun byrjum við á að meta færni þess. Út frá þessu mati greinum við hvar vandamál barnsins liggur og hvers konar þjálfun barnið hefur þörf fyrir.

Markmiðið með meðferðinni er að örva börnin með markvissum æfingum, sem veita alhliða skynáreiti. Hér á eftir ætlum við að fjalla um þá þætti, sem við leggjum mesta áherslu á í meðferð okkar.



Jafnvægisskyn (Vestibular system)


Jafnvægisskynið metur hreyfingu, sérstaklega hraðaaukningu, hraðaminnkun og kraft þyngdarafls jarðar á líkamann.

Það vinnur með öðrum skynjunarþáttum eins og snerti- og/eða stöðuskyni, einnig sjónúrvinnslu og gefur okkur nánari upplýsingar, um hvað er að gerast í líkamanum og umhverfinu.

Jafnvægisskynið hefur einnig mikil áhrif á vöðvaspennu, sem svo aftur hefur áhrif á líkamsvitund og líkamsburði.

Jafnvægisskynsáreiti eru mismunandi. T.d. eru áhrifin meiri ef barninu er snúið en ef því er rólað og einnig skiptir máli í hvaða stöðu barnið er.

Örvun á jafnvægisskyni er varhugaverð og ekki eins auðveld og hún hljómar. Eins og fram hefur komið er misjafnt hvað börnin þola af örvun og fylgjast þarf vel með viðbrögðum þeirra bæði á meðan á örvun standur og eftir á.



Snertiskyn (Tactile system)

Snertisskynið er með stærstu þáttum í skynjunarkerfi okkar og hefur mikil áhrif á mannlegt eðli, bæði líkamlega og tilfinningalega.

Snertiskynið er eins og jafnvægis- og stöðuskynið, undirstaða þess að aðrir skynjunarþættir þroskist og vinni eðlilega.

Snertiskynið er tvíþætt, varnarkerfið sem varar okkur við hættum í umhverfinu og upplýsingakerfið sem gefur okkur upplýsingar um t.d. stærð, áferð og


lögum hluta. Ákveðið jafnvægi milli þessara kerfa gerir okkur kleift að bregðast rétt við mismunandi snertiskynsáreitum.

Snertifælni er algeng meðal misþroska barna. Oft eru þau ofvirk, einbeitingarlaus og óörugg tilfinningalega. Varnarkerfi snertiskynsins er ofvirkt og barnið skynjar snertingu sem eitthvað óþægilegt og hættulegt. Oft veldur þetta hegðunarvandamálum og þar af leiðandi félagslegum erfiðleikum.

Í snertiskynsmeðferð er mikilvægt að gera sér grein fyrir að ólík snertiskynsáreiti fást fram með mismunandi snertingu.

Börn bregðast einnig mismunandi við snertiskynsörvun, það sem virkar örvandi á eitt barn getur virkað öfugt á annað.

Það er því hægt að nota snertiskynsáreiti bæði til þjálfunar á börnum sem eru ofvirk og einnig á þau börn sem eru ekki nógu virk.



Stöðuskyn (Proprioception)

Stöðuskyn er skynjun frá vöðvum og liðamótum.

Það gefur okkur upplýsingar um hvaða líkamsstöðu við erum í og hvaða hreyfingu við framkvæmum. Einnig gerir það okkur kleift að framkvæma ákveðnar, jafnar og nákvæmar hreyfingar.

Ef stöðuskynið er slakt eru börnin klunnaleg og þurfa að nota meiri kraft

til þess að hreyfa sig. Ef stöðuskyn í fingrum og höndum er slakt eiga börnin erfitt með að hneppa, taka hluti upp úr vasa eða hvað sem er án þess að nota sjónina.

Örvun á stöðuskyni fer fram með örvun á öðrum skynjunarþáttum því skynin tengjast meira og minna hvert öðru.




Frumstæð hreyfimynstur (Reflexar)

Þau frumstæðu hreyfimynstur sem við sjáum hjá börnunum sem koma til okkar eru ATNR (Asymmetrisk tonisk halsreflex) og TLR (Tonisk labirint reflex).



ATNR - er aukning á tonus í extensorvöðvum í þeim handlegg sem höfuð snýr að og flexion í hinum handleggnum. Ef ATNR er ekki horfinn getur hann haft áhrif á athafnir daglegs lífs hjá barninu.



Þessi börn eiga yfirleitt í miklum erfiðleikum í daglega lífinu.



TLR - er hluti af jafnvægiskerfinu. Hann kemur fram sem aukin spennu í flexor- og extensorvöðvum útlímanna, allt eftir því í hvaða stöðu barnið er. Ef TLR er til staðar hjá barninu eftir vissan aldur veldur hann erfiðleikum með að lyfta höfði, öxlum og að vinna á móti þyngdarkraftinum.

Skipulagning hreyfinga (Praxia)

Undirstaða þess að skipulagning hreyfinga hjá börnum sé góð er að líkamsvitundin sé í lagi. Þetta er aftur háð eðlilegu snerti- og stöðuskyni.

Það er eðli barna að vera stöðugt á hreyfingu, þau leita í byrjun í leiki sem veita þeim áreiti á sviði jafnvægis-, snerti- og stöðuskyns.

Síðar fá þau áhuga á leikjum sem krefjast meiri skipulagningar, eins og t.d. að sippa, teyjutvist og jó jó.

Þegar eðlilegum þroska í skipulagningu hreyfinga er náð fer meiri tími í örvun á vitrænum þroska.

Börn sem eiga í erfiðleikum með skipulagningu hreyfinga (dyspraxíu) sækja ekki í þessi áreiti eða vinna ekki rétt úr þeim.

Sjónúrvinnsla

Sjónúrvinnslan er margþætt. Hún nær yfir þætti eins og formskyn formstöðuleika, rúm- og afstöðuskyn, greiningu forgrunns frá bakgrunni og augnhreyfingar.

Eðlileg sjónúrvinnsla er mikilvæg t.d. til þess að við getum hreyft okkur án þess að rekast á hluti, teikna einfalt strik og kasta bolta á milli.

Þjálfun á snerti-, stöðu-, og jafnvægis- skyni er stór þáttur í sjónúrvinnslu- þjálfun og eykur hæfni heilans til flóknari eða æðri starfsemi.

Í iðjuþjálfun verður að bjóða uppá marga möguleika á skynjun og hreyfingu til þess að mæta þörfum hvers og eins. Þess vegna erum við með fjölbreytt úrval af tækjum, svo börnin geti rólað, snúist, rúllað, klifrað, skriðið og keyrt um á mismunandi farartækjum eða gert mismunandi hreyfingar með öllum líkamanum. Við erum einnig með marga hluti sem barnið getur týnt upp, stjórnað og kastað.

Mikilvægasta tækið er þó í rauninni líkami barnsins.

Það er mismunandi hversu vel börnin

taka við þjálfun. Árangur meðferðar kemur fram í bættri námsgetu, aukinni færni í daglegu lífi, sem aftur leiðir til betri líðan barnsins.

(Grein þessi er úrdráttur úr fyrirlestri iðjuþjálfar SLF, sem haldinn var á fræðsludegi á vegum ÍÍ í febrúar 1991. Tekið saman af Valrósu og Hrefnu iðjuþjálfum hjá SLF).



Alhliða nudd

NUDDSTOFA REYKJAVÍKUR

DALSELI 18 · SÍMI 79736 HÓTEL SÖGU · SÍMI 23131

ÖRVI - STARFSÞJÁLFUNARSTAÐUR FATLAÐRA -

Inngangur

Örvi var stofnsettur 25. febrúar 1984 af Kópavogsbæ. Örvi er ríkisrekinn og heyrir undir félagsmálaráðuneytið. Kópavogsbær er handhafi starfsleyfisins og tilnefnir þrjá aðila í stjórn Örva og félagsmálaráðuneytið tvö. Svæðisstjórn málefna fatlaðra á Reykjanessvæði er eftirlitsaðili og er með áheyrnarfulltrúa á stjórnarfundum Örva.

Stöðugildi í Örva eru 5,5: Ein staða forstöðumanns, 1½ staða fagfólks, ½ staða fulltrúa og 2½ staða starfsleiðbeinenda.

Þjálfunarplássin eru 30 og deilast jafnt á tvær vaktir.

Hlutverk Örva

Markmið Örva er að allir sem komi í þjálfun fari út á almennan vinnumarkað eftir þjálfun.

Inntökur

Allar umsóknir um þjónustu eiga að berast skrifstofu Svæðisstjórnar Reykjaness. Fagteymi skrifstofu Svæðisstjórnar fjallar um umsóknirnar og fer þar fram gróf flokkun. Erindi eða ef grunnflokkunin gefur til kynna að Örvi sé hentugt úrræði er erindinu vísað til inntökuhóps Örva.

Inntökuhóp Örva skipa:

Félagsfræðingur Svæðisstjórnar

Sálfræðingur Svæðisstjórnar

Læknar

Forstöðumaður Örva

Fagfólk Örva (iðjubjálfi og starfsráðgjafi)

Hópur þessi hittist einu sinni í mánuði og þá farið yfir stöðu mála í Örva og nýjar umsóknir ræddar og ákvarðanir um inntökur teknar. Áður hefur fagfólk Örva aflað nauðsynlegra upplýsinga og fengið umsækjendur í viðtal. Ef umsóknir berast annarsstaðar frá en frá Reykjanessvæði er fjallað eins um þær nema að þær þarf að leggja fyrir stjórn Örva eftir að inntökuhópurinn hefur samþykkt þær.

Verkefni Örva

Gert er ráð fyrir að starfsemi Örva sé í megindráttum tvíþætt:

1. Starfsprófun

2. Starfsþjálfun

Starfsprófun

Starfsprófun er ekki komin til framkvæmdar. Kemur það bæði til að húsnaðið er ekki nægilega stórt og stöðugildi fagfólks og starfsleiðbeinenda eru ekki nógu mörg. Í staðinn fara allir á reynslutíma, 1-3 mánuði allt eftir þörfum hvers og eins. Að þessum

reynslutíma loknum fer fram starfsmat með viðkomandi starfsmanni og þeim starfsleiðbeinenda sem hefur haft mest með hann að gera. Í þessu starfsmati er frammistaða starfsmannsins rædd og tekin ákvörðun um áframhaldandi þjálfun. Ákvörðun þessi er tekin út frá mati fagfólks og starfsleiðbeinenda á hvort Örvi nýtist viðkomandi. Einnig á því hvort starfsmaður vilji vera áfram og sé tilbúin að taka á sínum málum.

Starfsþjálfun

Áætlað er að hvert starfsþjálfunar-tímabil taki allt að 18 mánuði, en þó er gert ráð fyrir að um það bil þriðjungur starfsmanna sé lengur og geti sá tími verið allt að þrjú ár.

Eftirfylgd

Stefnt er að útskriftir eigi sér ekki stað áður en tilboð um vinnu eða aðra úrlausn liggi fyrir.

Þegar starfsmaður fer í vinnu á almennum markaði heldur hann plássi sínu í Örva í 3 mánuði. Jafnframt er starfsmanni veittur stuðningur á nýja vinnustaðnum. Stuðningur þessi felst í að haft er reglulegt samband við vinnuveitanda eða verkstjóra og starfsmann. Reynt er að leysa úr þeim vandamálum sem upp kunna að koma. Ef það kemur í ljós á fyrstu 3 mánuðunum að starfsmaður ræður af einhverjum ástæðum ekki við starfið, getur hann komið aftur í Örva. Staða hans er þá endurmetin og leit að annarri vinnu hafin.

Árið 1990

Á árinu 1990 nýttu 43 einstaklingar sér þjónustutilboð Örva.

Meðalaldur þeirra var 35 ár, flestir voru milli tvítugs og þrítugs. Sá yngsti var 16

ára og sá elsti 70.

Örvi sinnir öllum tegundum fötlunar. Stærsti hópurinn sem nýtti sér þjónustuna á síðasta ári eru greindarskertir. Flestir þeirra sem nú eru í Örva hafa verið í tvö ár eða skemur.

Á síðasta ári fóru 11 einstaklingar út á vinnumarkaðinn til reynslu. 7 fengu áframhaldandi ráðningu, 1 var á reynslu um áramótin (eftir reynslutímann fékk hann vinnu annarsstaðar) og 3 komu aftur í Örva. Allir þeir sem fengu vinnu fóru í hálf dags, láglæuna störf.

Verkeiningar Örva

Þrjóna- og saumastofa:

Aðallega eru framleiddar gammosíur og barnabólir.

Plastiðja:

Framleiddar eru ýmiss konar plast-umbúðir t.d. öskjur og bakkar fyrir matvæli, smávörur og fleira. Einnig eru framleiddar einnota plastsvuntur, t.d. fyrir matvælaiddjur, frystihús og sjúkrastofnanir.

Pökkunar-og samsetningarbjónusta:

Boðið er upp á alhliða pökkunar- og samsetningarbjónustu fyrir fyrirtæki og stofnanir. Pakkað er með vélum á spjöld, auk þess sem ýmsu er hand-pakkað í plastpoka t.d. tímaritum og skráfum.

Rafverkstæði

Unnið er við ýmislegt tengt rafmagni t.d. frágang á rafmagnsklóm, samsetningu fjöltengja og þræðingu leiðslna í lampa.

Verslun

Barnafataverslunin Örverpið er staðsett í húsakynnum Örva og er hún notuð sem eitt af þjálfunartilboðum Örva.

Eldhúseining

Tveir starfsmenn annast eldhússtörfin á hvorri vakt þ.e. að undirbúa kaffitíma og ganga frá eftir þá.

Ræstieining

Starfsmenn skiptast á um að ræsta salerni, búningsherbergi og vinnusal.

Skrifstofueining

Þrír starfsmenn eru nú í starfsþjálfun hálfan daginn á skrifstofu. Aðstoða tveir þeirra forstöðumann og fulltrúa við flest almenn skrifstofustörf og einn er í sölumennsku.



STOÐ *PERSÓNULEG
SÉRFRÆÐIÞJÓNUSTA*
Á SVIÐI SJÚKRASKÓSMÍÐI OG STOÐ- OG HJÁLPARTÆKJA

**Við erum fluttir í
næsta hús.**

Trönuhraun 8
Sími: 652885.

Domus Medica
Sími: 626090.



*Smíði og uppsetning á palla-
og stigalyftum.
Sérsmíðuð hjálpartæki í bifreiðar.
Ráðgefandi þjónusta.*

HJÁLPARTÆKI

Þórir B. Guðjónsson

Hafnarbraut 1D, 200 Kópavogi, Sími 40233

Kársnesbraut 91, 200 Kópavogi, heimasími 641533

HJÁLPARTÆKJAMIÐSTÖÐ TRYGGINGASTOFNUNAR RÍKISINS

Tryggingastofnun ríkisins hefur frá 1986 starfrækt Hjálpartækjamiðstöð. Með tilkomu hennar var hafin endurnýting á hjálpartækjum á Íslandi, en endurnýting hjálpartækja er eitt af aðalmarkmiðum Hjálpartækjamiðstöðvarinnar svo og jafnframt að bæta þjónustu Tryggingastofnunar við notendur hjálpartækja. Í nágrannalöndum okkar hefur þessi starfsemi víðast verið vel á annan áratug.

Aðalástæður þess að Hjálpartækjamiðstöðin var sett á laggirnar var:

- vaxandi kostnaður Tryggingastofnunar á hjálpartækjum,
- skammtímanotkun á hluta þeirra hjálpartækja sem úthlutað eru.
- góð reynsla nágrannalandanna á endurnýtingu hjálpartækja.

Starfssvið

Hjálpartækjamiðstöðvarinnar

Þjónusta við skjólstæðinga Tryggingastofnunar um skilaskyld hjálpartæki, þ.e. öll hjálpartæki fyrir utan sjón-, heyrnar- og ortopedisk hjálpartæki svo og meðferðarhjálpartæki og einnota hluti.

Starfssviðunum í dag má skipta í:

- Ráðgjöf og leiðbeiningar um val á hjálpartækjum.
- Úthlutun og afhendingu hjálpartækja.
- endurnýting hjálpartækja, þ.e. taka við notuðum hjálpartækjum og úthluta þeim á ný eftir þrif, viðgerð og nauðsynlegar endurbætur.
- Lagerhald fyrir notuð hjálpartæki.
- Séraðlögun hjálpartækja að notendum.
- Uppsetning á hjálpartækjum t.d. handföngum, svo og sérsníði.
- Viðgerðarþjónusta á hjálpartækjum sem eru í notkun.

Notendur geta haft beint samband við Hjálpartækjamiðstöðina varðandi viðhald tækja án sérstakra umsókna. Þetta á einungis við um þau tæki sem Tryggingastofnunin veitir styrk til.

- Erlent samstarf m.t.t. upplýsingaöflunar um vöruþróun, framboð og mat á hjálpartækjum svo og fræðsluefni.

Áætlað starfssvið Hjálpartækjamiðstöðvarinnar í náinni framtíð eru öllu ítarlegri, þá sérstaklega m.t.t. ráðgjafar, fræðslu og verðeftirlits.

Húsnæði

Hjálpartækjamiðstöðin er til húsa að Smiðjuvegi 28 í Kópavogi, í nýupp-

gerðu og glæsilegu 1000 fm húsnæði. Verkstæðið er mjög fullkomið, nær öll viðgerðarþjónusta og séraðlögun er nú möguleg innan veggja Hjálpartækjamiðstöðvarinnar. Hreingerning á hjálpartækjum er mjög örugg og auðveld í sérstakri sóttþreinsivél fyrir hjálpartæki. Sýningar- og prófunarsvæði gefur möguleika á ráðgjöf og prófun þeirra hjálpartækja sem fyrir eru.

Mannahald

Í dag eru starfandi við Hjálpartækjamiðstöðina: forstöðumaður (iðjupjálfi), verkstæðistæknimaður, starfsmaður í hálfu starfi til tækjahreingerninga, lagers og afgreiðslu, bílstjóri sem einnig vinnur við viðgerðir á verkstæði, rafmagnstækniþræðingur í hlutastarfi.

Á næstunni má vænta starfsfólks til viðbótar svo mæta megi þeim þjónustubörfum sem fyrir eru. Húsnæðið býður upp á aukna þjónustumöguleika og stefnt er að að mæta þeim á næstu árum. Má þar nefna t.d. aukna ráðgjöf við val og prófun hjálpartækja, skipulega innköllun hjálpartækja sem ekki eru lengur í notkun, svo og fræðslu.

Í stjórn miðstöðvarinnar eru tveir frá Tryggingastofnun (deildarstjóri sjúkra-tryggingadeildar og tryggingayfirlæknir) og einn fulltrúi frá Öryrkjabandalaginu.

Samstarfsaðilar

Hjálpartækjamiðstöðin hefur nána samvinnu við fjölda fyrirtækja sem veita sölu á hjálpartækjum, sérsmiði og viðgerðarþjónustu, og varahlutasölu. Einnig er mikil samvinna við fagaðila heilbrigðisstofnana um allt land og má

þar t.d. nefna lækna, hjúkrunarfræðinga, iðjupjálfa og sjúkraþjálfara.

Dæmi um samvinnu við fagaðila.

Samstarf við sjúkraþjálfara á hjúkrunar- og vistheimilum fyrir aldraða á stór-Reykjavíkursvæðinu:

Hér er um að ræða umsjón með hjálpartækjum innan stofnana og þá sérstaklega hjólastólum og fylgibúnaði þeirra. Gert er ráð fyrir að ákveðnir aðila á umræddum stofnunum (sjúkraþjálfarar í þessu tilfelli) hafi umsjón með hjólastólum vistmanna og beri ábyrgð á að fylgjast með viðhaldi þeirra, skil til Hjálpartækjamiðstöðvarinnar að notkun lokinni, umsóknum um nýja hjólastóla og etv. fylgihluti, skráningu þeirra og almennu eftirliti.

Þetta byrjaði smátt fyrir nokkrum árum m.a. við sjúkraþjálfara á Drop-laugarstöðum svo og hjúkrunarforstöðumann Sunnuhlíðar. Síðan hefur þetta þróast í meira skipulagt form og þar ber fyrst að nefna samvinnu við sjúkraþjálfara á Hrafnistu í Hafnarfirði, en sjúkraþjálfarar í Sunnuhlíð, Skjól og Hrafnistu í Reykjavík hafa einnig tekið upp þetta fyrirkomulag eða eru við það. Þetta hefur byggst á því að Hjálpartækjamiðstöðin hefur veitt yfirlit yfir þau hjálpartæki sem vistmenn hafa fengið nokkur ár til baka, síðan taka sjúkraþjálfararnir á því oft torvelda verkefni að finna þessi tæki og skrá þau á notendur með sérstökum merkimiðum og skila afgangnum til Hjálpartækjamiðstöðvarinnar. Með aðstoð greinarhöfundar eru hjólastólarnir skráðir og sjúkraþjálfarnir halda utan um þá skráningu með t.d. spjaldskrá og

hafa þannig yfirlit yfir þau tæki sem viðkomandi hefur, hvenær fengin, viðgerðir, etv. séraðlaganir og skil.

Sjúkrabjálífaramir nota síðan þá þjónustu sem Hjálpartækjamiðstöðin veitir varðandi ráðgjöf, leiðbeiningar o.s.frv.

Þetta hefur verið mjög ánægjulegt samstarf og hefur mikla þýðingu fyrir Hjálpartækjamiðstöðina.

1. ákveðinir fáir aðilar sem hægt er að hafa fast sambandi við varðandi hjálpartæki innan stofnana.
2. trygging á viðhaldi hjálpartækja, sem seinkar eða kemur í veg fyrir nýkaup.
3. trygging á hjálpartæki safnist ekki fyrir á stofnunum, heldur þeim skilað sem leiðir til aukinnar endurnýtingar og sparnaðar fyrir þjóðfélagið.
4. ákveðin trygging að það sé fylgst með hjálpartækjamálum vistmanna, þörfum þeirra og að þeim þörfum sé fylgt eftir.

Ég hvet til ofangreinds fyrirkomulags og ef það eru einhverjir sem geta og vilja taka þetta upp á sínum vinnustað, þá erum við í Hjálpartækjamiðstöðinni reiðubúin til samstarfs.

Réttur til hjálpartækja og umsóknir

Í lögum um almannatryggingar er kveðið á um möguleika á styrkveitingum til hjálpartækja.

Tryggingastofnunin veitir hjálpartæki eða tekur þátt í kaupum á þeim eftir sérstökum reglum. Hjálpartæki eru veitt til nota á einkaheimilum. Skilyrði fyrir hjálpartæki er minnkuð færni, sjúk-

dómar og eða elli. Þeir sem vistast á heimilum og stofnunum sem eru á föstum ríkisfjárlögum eða daggjaldakerfi hafa almennt ekki rétt til hjálpartækja frá Tryggingastofnun. Þessar stofnanir og heimili verða að sjá sínu vistfólki fyrir hjálpartækjum sem það þarf á að halda.

Hjólástólar eru þó undanteknir frá þessari reglu. Allir sem rétt eiga á hjólástólum fá þá eftir ákveðnum reglum.

Sækja þarf um öll hjálpartæki á þar til gerðum eyðublöðum Tryggingastofnunar. Skilaskylda er á flestum hjálpartækjum að notkun lokinni eða ef notkun er óþörf. Tækin eru eign Tryggingastofnunar og ber að skila þeim til Hjálpartækjamiðstöðvarinnar. Tryggingastofnun áskilur sér rétt á að nýta hjálpartæki af lager miðstöðvarinnar áður en ný hjálpartæki eru keypt. Því er mikilvægt að sækja um hjálpartæki og fá afgreiðslu á umsókn áður en farið er út í kaup.

Meta þarf þörf fyrir hjálpartæki. Nauðsynlegt er að gera sér ljóst að hjálpartæki er ekki alltaf lausnin. Þau geta hindrað framfarir og haft dvínandi áhrif á sjálfsbjargargetu. En oft á tíðum eru hjálpartæki nauðsynleg færninnar vegna, öryggisins vegna eða til bráðabrigða eftir aðgerðir. Einnig sem hjálpartæki fyrir aðstandendur og aðra sem annast aldraða og eða fatlaða.

Lokaorð

Hjálpartækjamiðstöðin er búin að sýna gildi sitt, en með tilkomu hennar hefur verið umtalsverður sparnaður vegna

endurnýtingu á hjálpartækjum, fyrir utan mun bættari þjónustu á hjálpartækjasviðinu.

Strax á árinu 1988 var endurnýtingarhlutfall hjálpartækja komin í tæp 30% af heildarkostnaði sambærilegra tækja sem úthlutað var af Trygginastofnun. Þetta má telja góðan árangur eftir þá rúmlega tveggja ára starfsemi. Á árinu 1990 má búast við að hlutfallið sé meira, en endanlegar tölur eru ekki tilbúnar. Þar sem best gerist í nágrannalöndum okkar eru endurnýtt hjálpartæki allt að 70 - 80% af heildarfjölda úthlutaðra tækja.

Gert er ráð fyrir áframhaldandi þróun Hjálpartækjamiðstöðvarinnar á næstu árum. Nýtt húsnæði fékkst á síðasta ári og býður það upp á ákveðna möguleika, alla vega mætir það þeim brýnu þörfum um aðstöðu sem hingað til hefur skort. Síðan með auknum starfskrafti verður hægt að veita sambærilega þjónustu á þessu hjálpartækjasviði miðað við það sem almennt gerist í nágrannalöndum okkar.

Þessi grein birtist einnig í blaði Félags íslenskra sjúkrahjálfaora vor 1991.

STYRK TARLÍNUR

Securitas	Síðumúla 23	s. 687600
Astra	Austurströnd 8	s. 612244
Skóstofan sf	Dunhaga 18	s. 21680
Sess	Faxafeni 9	s. 679399
Ræsir hf.	Skúlagötu 59	s. 619550

FRÉTTABRÉF FRÁ KRISTNESSPÍTALA

Ég hóf starf sem iðjuþjálfari við Kristnesspítala í ágúst á síðasta ári. Kristnesspítali er 10 km. fyrir innan Akureyri, hann hét áður Kristneshæli og var hæli fyrir berklasjúklinga, byggt 1927 en starfar nú sem hjúkrunar- og endurhæfingarspítali. Gert er ráð fyrir að í framtíðinni muni endurhæfingardeildin anna að mestu endurhæfingu á Norðurlandi og jafnvel hluta Austurlands.

